



NÁTTÚRUMINJASAFN ÍSLANDS  
ICELANDIC MUSEUM OF NATURAL HISTORY

Alþingi  
Erindi nr. P 140/S28  
komudagur 30.11.2011

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 28. Nóvember 2011  
NMSI 2011.101

Erindi: Umagnir um tvær þingsályktunartillögur

Meðfylgjandi eru umsagnir Náttúruminjasafns Íslands um þingsályktunartillögur er varðar A) Vefmyndasafn Íslands og B) Varðveislu íslenskrar menningararfleifðar á stafrænu formi, mál 118 og 121. Umsagnir eru einnig sendar í tölvupósti.

  
Helgi Torfason, safnstjóri Náttúruminjasafns Íslands

Skrifstofa Alþingis, nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

28. nóvember 2011  
Reykjavík

Umsögn um þingsályktun um Vefmyndasafn

Til nefndasviðs Alþingis.

Óskað hefur verið umsagnar Náttúruminjasafns Íslands um tillögu til þingsályktunar um Vefmyndasafn Íslands, þingskjal 121, 121. mál á 140. löggjafarþingi.

*Alþingi ályktar að skora á mennta- og menningarmálaráðherra að hefja nú þegar undirbúning og uppsetningu vefmyndasafns með því að koma upp nettengdum myndavélum á allt að 150 stöðum á Íslandi, fegurstu og sérkennilegustu stöðum landsins. Slíkt nettengt safn yrði það fyrsta sinnar tegundar í heiminum og mundi skapa óþrjótandi möguleika á landkynningu í þágu ferðaþjónustu, sögu, menningar og atvinnulífs. Þannig væri hægt að upplifa Ísland á líðandi stundu hvaðan sem er úr heiminum og kitla taugar til frekari kynna.*

Nokkrir aðilar á Íslandi hafa nú þegar sett upp og reka vefmyndavélar eins og lagt er til í þingsályktuninni.

Athugasemd er gerð við **notkun orðsins “safn”**. Vefmyndasafn er raunar ekki safn í þess orðs merkingu sbr. Safnalög nr. 141/2011: *Söfn í skilningi laga þessara eru varanlegar stofnanir sem starfa í þágu almennings og eru ekki rekin í hagnaðarskyni. Þau skulu vera opin almenningi.*

**Kostnaður við verkefnið er áætlaður 225 mkr** sem er há upphæð og gera má ráð fyrir talsverðum árlegum rekstrarkostnaði. Varlega áætlað yrði slíkur kostnaður 10% af stofnkostnaði og **rekstrarkostnaður því um 22,5 mkr**, eða sambærileg upphæð og veitt er til Náttúruminjasafns Íslands.

Fari svo að Alþingi vilji fara þá leið að setja upp fjölda vefmyndavéla er rétt að benda á að Náttúruminjasafn Íslands hefur þann tilgang að kynna náttúruna fyrir almenningi og skólum og rekstur vefmyndavéla getur vel fallið að þeim rekstri. Því er bent á þann möguleika að **Náttúruminjasafnið verði umsýsnaraðili** með a.m.k. þeim hluta vefmyndavélanna sem eru á sviði safnsins og þá í samstarfi við söfn og náttúrustofur á landsbyggðinni.

Þá er rétt að benda á þann möguleika að koma vefmyndavélum upp í áföngum og læra af reynslunni hvernig rekstur þeirra geti orðið sem öruggastur og hagkvæmastur.

Með vinsemd og virðingu

  
Helgi Torfason, safnstjóri Náttúruminjasafns Íslands